

Þriðjudaginn 17. september 1996.

Nr. 343/1996.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson rannsóknarlögreglustjóri)
gegn

Kristjáni Inga Bragasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Rannsókn. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á dómþingi héraðsdóms fimmtudaginn 5. september 1996 að viðstöddum ákærða, verjanda hans og sækjanda málsins. Í bréfi héraðsdómara til Hæstaréttar 9. september sl., sem fylgdi kæru sóknaraðila, segir, að hún hafi borist dómaranum í hendur samdægurs. Varnaraðili telur því, að þriggja sólarhringa kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 hafi þá verið liðinn og vísa beri málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili heldur því fram, að kæra í málinu hafi verið afhent í afgreiðslu Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 6. september 1996. Samkvæmt upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglumanns 11. sama mánaðar fór hann með bréf til héraðsdómara eftir hádegi fyrrnefndan dag og afhenti það starfsmanni dómsins. Samkvæmt yfirlýsingu starfsmannsins 11. september sl. telur hann, að lögreglu-

maðurinn hafi komið á tilgreindum tíma með bréf til dómara málsins. Með hliðsjón af þessu og þar sem ætla má, að umrædd bréfasending hafi haft að geyma kæru í máli þessu, þykja nægar líkur leiddar að því, að hún hafi borist héraðsdómi innan tilskilins frests. Verður því ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun málsins frá Hæstarétti.

Samkvæmt 112. gr. laga nr. 19/1991 hefur sóknaraðili metið það svo, þegar hann gaf út ákæru í málinu 30. júlí 1996, að rannsókn þess hjá lögreglu væri lokið og hún nægði til að taka ákvörðun um saksókn. Sakarefni málsins er einfalt, og verða ekki talin þau vanhöld á rannsókn lögreglu, að varðað geti frávísun þess. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 5. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakamálinu nr. 602/1996: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Inga Bragasyni, en ágreiningsefnið var tekið til úrskurðar 3. þ. m.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. júlí sl., sem dómari veitti viðtöku 12. f. m., er höfðað mál á hendur ákærða, Kristjáni Inga Bragasyni, kt. 190162-3039, Miklubraut 16 í Reykjavík, fyrir þjófnað 13. maí sl. á pela af viskí, að útsöluverði 1.350 krónur, í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í Austurstræti 10 a í Reykjavík.

Við þingfestingu málsins 30. f. m. kvaðst ákærði ekki muna til þess að hafa stolið áfengispela umrætt skipti, en ákæra málsins styðst einungis við almenna lögregluskýrslu, þar sem haft er eftir ákærða, að hann hafi komið inn í verslunina til að kaupa áfengi, og hefði hann tekið ákvörðun inni í versluninni að taka ófrjálsri hendi viskípelann, því að hann hefði ekki verið með peninga fyrir honum. Samkvæmt skýrslunni var ákærði talsvert undir áhrifum áfengis.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að málinu verði vísað frá dóminum, og rökstyður hann kröfu sína í því efni m. a. á þá leið, að ákæra málsins sé reist á ófullnægjandi rannsóknargögnum. Engin skýrsla liggir fyrir af

ákærða, aðeins ein lögregluskýrsla, þar sem kemur fram, að ákærða hafi verið sagt, „að þetta væri þjófnaður, og kynnt ákvæði réttarfarslaga“. Segir verjandi þessa málsmeðferð í andstöðu við gildandi réttarfarslög, en samkvæmt 69. gr. þeirra taki rannsóknari skýrslu af sakborningi í viðurvist votts, sbr. 2. mgr. 72. gr. sömu laga. Jafnframt skuli gætt ákv. 32. gr. laganna, en af gögnum málsins verði ekki séð, að eftir þessum ákvæðum hafi verið farið.

Sækjandi málsins mótmælir kröfu verjanda og verði hún ekki tekin til greina. Í sambandi við rökstuðning sinn bendir sækjandi á ákvæði 66. gr., 67. gr., 69. gr., 72. gr. og 119. gr. réttarfarslaga.

Í tíð eldri réttarfarslaga lágu ætíð fyrir sérstakar skýrslur af ákærðu fólki, áður en til ákæru kom, og voru þær ætíð upp lesnar og undirritaðar af ákærðu, nema neitun kæmi til, og jafnframt vottaðar. Þá var þess jafnan gætt í upphafi yfirheyrslu, að fyrir lægi, að ákærða hefði verið kynntur réttur hans samkvæmt lögnum. Verður ekki séð af núgildandi réttarfarslögum, að þessu hafi verið breytt, og í 1. tl. 69. gr. laga nr. 19/1991 segir, að rannsóknari eigi að taka skýrslur af sakborningum og vitnum. Þá er í 2. tl. 72. gr. laganna gert ráð fyrir, að við yfirheyrslu sé einn vottur.

Í máli þessu hefur engin formleg skýrslutaka farið fram, aðeins vísað til ummæla, sem höfð eru eftir ákærða undir áhrifum áfengis á vettvangi, eftir að honum voru kynnt ákvæði réttarfarslaga, en þess er ekki getið, hvaða ákvæði hafi verið kynnt ákærða og hvort þau vörðuð rétt hans sem sakaðs manns, og enginn vottur er tilgreindur að ummælum ákærða. Teljast þessi ummæli ákærða ekki skýrslutaka í skilningi laganna.

Þegar allt framangreint er virt, er það mat dómsins, að umrædd játning ákærða sé ekki fengin með lögmætri skýrslutöku af honum og sé því ekki fylgt ákvæði 1. tl. 69. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá þykir ekki fært að reisa saksókn á ummælum manns, sem höfð eru eftir honum undir áfengisáhrifum. Loks er enginn vottur tilgreindur að játningu ákærða. Þykir af öllu framansögðu einsýnt, að vísa beri máli þessu frá dómnum.

Loks ber að dæma, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 25.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómnum.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 25.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.